Ed.

565. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 13. gr. A 1 b 1: Í stað »4,900« komi: »5,000«

— 13. — B III. 6: Komi nýr liður, er verður 7. liður:
Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn — — — 3,000. Töluliðirnir breytast eftir því.

— 13. — B. XII. Liðurinn falli burt.
Athugasemdin orðist svo: Fjárveitingarnar undir töluliðum VIII, X og XI veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til veganna annarsstaðar frá.
Töluliðirnir breytast eftir þessu.

— 13. — — XIII: Aftan við þenna lið komi nýr liður er verði XIV. liður:
XIV. Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa, til þess að halda uppi reglubundnum mótorvagnsferðum á akvegunum út frá Reykjavík, sérstaklega flutningabrautinni austur — — — 4,000 kr. fyrra árið.

Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist, sé þeim skilmálum eigi fullnægt, sem ákveðnir verða í samningi, er stjórnarráðið gerir um ferðirnar.